



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Auglýsing um umhverfismat tillögu samgönguráðs að samgönguáætlun 2015-2026

Samgönguráð auglýsir hér með umhverfismat á tillögu að samgönguáætlun 2015-2026 til kynningar í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Tillaga samgönguráðs að samgönguáætlun er unnin í samræmi við lög nr. 33/2008 um samgönguáætlun. Þar er mörkuð stefna og markmið fyrir allar greinar samgangna næstu tólf árin. Með umhverfismatinu hafa verið skilgreind helstu áhrif sem kunna að verða vegna samgönguáætlunar og aðgerðir sem ráðast þarf í til að tryggja að dregið verði úr líklegum neikvæðum umhverfisáhrifum samgönguáætlunar.

Undirbúningur vinnu við tillögu að samgönguáætlun 2015–2026 hófst árið 2013. Við mótun tillögunnar hefur verið haft víðtækt samráð við landshlutasamtök sveitarfélaga, atvinnulíf og fulltrúa frjálsra félagasamtaka.

Samhliða mótun tillögu samgönguráðs að samgönguáætlun 2015-2026 var unnið að umhverfismati áætlunarinnar í samræmi við lög nr. 105/2006. Umhverfismatið er hér með auglýst til kynningar. Með umhverfisskýrslu fylgja til hliðsjónar drög að tillögu að samgönguáætlun ásamt að greinargerð. Ekki er óskað eftir sérstökum athugasemdum við þessi fylgigögn.

Umhverfismat samgönguáætlunar ásamt drögum að samgönguáætlun liggur frammi til kynningar hjá eftirtöldum samgöngustofnunum:

- Samgöngustofu, Ármúla 2, 108 Reykjavík
- Vegagerðinni, Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík

Frestur til að gera athugasemdir við umhverfismat samgönguáætlunar er til og með **13. nóvember 2015**. Athugasemdir skal senda bréfleiðis, merktar *umhverfismat*, á innanríkisráðuneytið, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík eða með tölvupósti á netfangið postur@irr.is.

Hægt er að nálgast auglýst gögn á vefsvæði samgönguáætlunar á vef innanríkisráðuneytisins.

Vefslóðin er eftirfarandi: <http://www.innanrikisraduneyti.is/verkefni/malaflokkar/samgonguaaetlun/>

Samgönguráð